

upphæð. Samkvæmt þessu verður að fallast á úrslit bæjarþingsdómsins, og með því að málskostnaðarákvæði hans samþykkist, verður að staðfesta dóminn eins og hann er. Eftir þessum úrslitum getur áfrýjandi eigi komist hjá því, að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Guðmundur héraðslæknir Hannesson greiði stefnda sem málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr., er lúkist áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri laga-aðför.

Nr. 4/1908:

Valdemar Ottesen  
gegn  
Jóni Ólafssyni

Dómur:

Í 34. tölublaði af VII. árgangi blaðsins Reykjavíkur, er út kom 4. ágústm. 1906, er í grein með fyrirsögninni »Brennivargar« skýrt frá því meðal annars, að umliðna nótt hafi verið reynt til að kveikja í húsinu nr. 1 á Laugavegi, og að grunsamur um verknað þann sé orðinn »drykkjurútur einn, lánleysisgarmur, er rak hér verzlun stutta stund og varð brátt gjaldþrota.« — «Hann

heitir Valdemar Ottesen,« segir svo í greininni. Fyrir ummæli þessi höfðaði áfryjandinn, verzlunarmaður Valdemar Ottesen, mál gegn ritstjóra og ábyrgðarmanni blaðsins Reykjavíkur, hinum stefnda Jóni Ólafssyni, með því að greinin var nafnlaus í blaðinu, og krafðist þess, að hann yrði látinn sæta ábyrgð fyrir þau, en með dómi bæjarþingsréttar Reykjavíkur, þar er málið var sótt og rekið, uppkveðnum 25. júlí f. á., var stefndi sýknaður í málinu og málskostnaður látinn falla niður. Þessum bæjarþingsdómi hefir Valdemar Ottesen skotið til yfir dómsins með stefnu dagsettri 23. jan. þ. á. og krafist þess, að orðin drykkjurútur og lánleysisgarmur verði dæmd ómerk, að stefnda verði dæmd refsing fyrir þau og að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati yfirréttarins. Af annari hálfu krefst stefndi, ritstjóri Jón Ólafsson, þess, að svo framfarlega málinu eigi verði ex officio vísað frá undirréttinum, þá verði hinn áfryjaði dómur staðfestur, og áfryjandinn dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfir dómi eftir mati réttarins.

Það er réttilega tekið fram í undirréttardóminum, að málið hafi verið lagt nægilega og löglega til sátta, og með því að eigi var heldur að öðru leyti ástæða til þess að vísa því frá bæjarþingsdóminum, verður eigi fallist á þá skoðun stefnda, að það beri að ómerkja bæjarþingsdóminn og vísa málinu frá undirréttinum og verður að dæma málið í aðalefni þess, eins og það liggur fyrir.

Það eru færð rök fyrir því í málinu af hálfu stefnda, að áfryjandi hafi verið drykkjugjarn í meira lagi með köflum, að hann hafi orðið gjaldþrota, og að grun-

ur hafi fallið á hann um að hafa gert tilraun til að kveikja í húsinu nr. 1 á Laugavegi; var hann fyrir þann grun settur í varðhald, en með því að ekkert sannaðist á hann í því efni, var honum slept svo sem sýknum af þeim grun. Þetta sem hér er tilgreint telur stefndi að réttlæti hin átöldu ummæli. En þó að áfryjandi hafi verið drykkfeldur, og þó að hann hafi orðið gjaldþrota, og þó að hann hafi orðið fyrir áminstum grun, var stefnda eigi heimilt að svivirða hann í orðum, en það verður að álíta að hann hafi gert það með hinum átöldu móðgunar- og óvirðingarorðum, sem lýsa fyrir- litningu, sbr. viðskeyttu orðin »rútur« og »garmur.« Það verður því að taka kröfu áfryjanda til greina, þannig að orðin drykkjurútur og lánleysisgarmur séu dæmd ómerk samkvæmt 220 gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, og að stefndi verði dæmdur í sekt til landssjóðs fyrir þau samkvæmt 219 gr. sömu laga, er þykir hæfi lega ákveðin 20 krónur, og komi í stað hennar 5 daga einfalt fangelsi, verði hún eigi öll greidd innan ákveð- ins tíma; svo þykir og rétt eftir þessum úrslitum máls- ins, að stefndi greiði áfryjanda málskostnað, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Jón Ólafsson greiði 20 kr. sekt til lands- sjóðs, en verði sektin eigi öll greidd innan ákveð- ins tíma, skal hann sæta 5 daga einföldu fangelsi; svo skal og stefndi greiða áfryjanda, Valdemar Otte- sen, 30 kr. í málskostnað. Hin átöldu ummæli

drykkjurútur og lánleysisgarmur skulu vera dauð og ómerk.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 1. júnímanaðar.

Nr. 19/1908:

Réttvísinn

gegn

Dagbjarti Einarssyni.

#### D ó m u r:

Með aukaréttardómi Barðastrandarsýslu, uppkveðnum 23. jan. þ. á. var hinn ákærði, Dagbjartur bóndi Einarsson í Gröf á Rauðasandi, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað samkvæmt 230. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns hans í héraði, Ólafs verzlunarstjóra Jóhannessonar, 5 krónur. En þessum dómi hefir af háltu réttvísinnar verið áfrýjað til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum upplýstum atvikum er það sannað, að þriðjudagskvöldið 16. júlí f. á. var hann einn staddur í verbúð þeirri, er hann svaf í í Kollsvík og tók úr buddu undan sængurhorni í rúmi búðareiganda, er honum hafði sagt verið að hann ætti þar geymda, 6 krónur í peningum, 5 króna